



Stjórnendauppgjör Haga 2025/26 og uppgjör 4. ársfjórðungs

Gott rekstrarár að baki - nýtt innkaupasamstarf lækkar vöruverð



Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

17. apríl, 2026

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Árið í hnotskurn: Lykiltölur

12M 2025/26 (breyting frá 12M 2024/25*)

197,0 ma.kr.

vörusala

▲ 9,3%

18,1 ma.kr.

EBITDA

▲ 23,0%

7,4 ma.kr.

hagnaður

▲ 5,2%

24,9%

framlegðarhlutfall

▲ 2,1%stig

16,4%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,3%stig

37,1%

eiginfjárhlutfall

▲ 0,6%stig

* P/F SMS varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gætir áhrifa þeirra því aðeins á síðasta ársfjórðungi í samanburðartölum fyrra árs.

Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

4F 2025/26 (breyting frá 4F 2024/25)

48,0 ma.kr.

vörusala

▲ 4,4%

4,0 ma.kr.

EBITDA

▲ 4,5%

2,0 ma.kr.

hagnaður

▼ 35,4%

25,6%

framlegðarhlutfall

▲ 0,6%stig

17,9%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 0,6%stig

37,1%

eiginfjárhlutfall

▲ 0,6%stig

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 4F gekk vel** og var umfram áætlanir - **afkoma styrktist frá fyrra ári** og var góð af öllum starfspáttum
- **Aukinn byr í seglum - heimsóknum viðskiptavina og seldum stykkjum** í verslunum á Íslandi og í Færeyjum **fjölgar meira en áður**
- **Nýtt vildarkerfi, Takk, var hleypt af stokkunum** - viðtökur góðar, með 60 þúsund meðlimi sem nýta sér nýja þjónustuþætti, kjör og fríðindi
- **Undirbúningur og kynning á smásölumiðlun á Íslandi - Hagar miðlar** hefja formlega starfsemi í dag
- Tímamót í nýju **innkaupasamstarfi Haga og Salling Group** - skilar **verðlækkun á hundruðum vara** í Bónus og Hagkaup á næstu mánuðum
- **Starfsemi Klasa fasteignapróunarfélags gengur vel** - hlutdeild Haga í hagnaði Klasa fasteignarpróunarfélags 828 m.kr.
- **Uppsafnaður 12 mánaða hagnaður á hlut var 6,75 kr. og jókst um 21% frá fyrra ári**



Starfspáttur #1: Jólaverslun gekk vel og stuðlaði að bættri afkomu

Verslanir og vöruhús (Ísland) - Rekstrarreikningur 4F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum námu 35,7 ma. kr. og jukust um rúm 8% á milli ára - mjög sterk jólaverslun í Bónus og Hagkaup
- EBITDA nam tæpum 3,1 ma. kr. (8,7% af tekjum), og jókst um tæp 18% frá fyrra ári - afkoma styrktist einnig eða um rúm 13%
- Áframhaldandi aukning í umsvifum en heimsóknum í dagvöruverslanir fjölgaði um tæp 7%, og seldum stykkjum um rúm 3% - sérstaklega kröftugur vöxtur hjá Bónus
- Starfsemi Aðfanga og Banana gekk vel, í samræmi við rekstur verslana - rekstur Eldum rétt, Stórkaup og Zara gekk heilt yfir vel á 4F
- Mikill undirbúningur á 4F vegna „Takk“, sem fór í loftið í janúar, og vegna nýs innkaupasamstarfs við Salling

	4F '25/26	4F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	35.687	33.009	2.678	+8,1%
Rekstrargjöld	-32.595	-30.379	-2.216	+7,3%
EBITDA	3.092	2.630	462	+17,6%
EBITDA-hlutfall	8,7%	8,0%	+0,7%	+8,7%
Afkoma starfspáttar*	2.739	2.422	317	+13,1%
Afkomu-hlutfall	7,7%	7,3%	+0,3%	+4,6%

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaganna

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Ísland)



HAGKAUP



Bananar

STÓRKAUP |

ELDUM  RÉTT

ZARA

Bónus: Mikill meðbyr og heimsóknir upp um 9%

- **Vörusala á 4F nam 24,9 ma. kr. og jókst um rúm 9% á milli ára - aukin umsvif styrkja EBITDA og hagnað hlutfallslega meira á milli ára**
- **Öflugur meðbyr með Bónus á 4F þar sem viðskiptavinum fjölgaði um tæp 9% frá fyrra ári og seldum stykkjum fjölgaði um tæp 4%, þrátt fyrir aukið framboð af stærri/hagkvæmari einingum og tilbúnum réttum, o.s.frv.**
- **Stöðug áhersla Bónus á skilvirkan rekstur og hagkvæm innkaup - við lok 4F er nálægt helmingur af vöruvali á lægra eða sama verði og við lok 4F á fyrra ári - nýtt innkaupasamband mun styrkja þessa vegferð**
- **Til viðbótar við árangur í almennum innkaupum hefur Bónus boðið viðskiptavinum upp á verulegan sparnað í góðu samstarfi við birgja, svo sem með „Ódýrast vikunnar“ og „Takk“**
- **Frábær árangur náðst á árinu í ávöxtum og grænmeti með enn betri gæðum en fyrr, sem skilað hefur umtalsverðri söluaukningu allt í kringum landið**
- **Áframhaldandi hagkvæmar uppfærslur verslana, án lokana, sem hefur verið vel tekið hjá viðskiptavinum - svo sem breikkun valinna ganga, uppfærðir kælimiðlar, fjölgun „Gripið & Greitt“ búða, o.s.frv.**
- **Almennt sterkt rekstrarár að baki þar sem viðskiptavinum fjölgar mikið**



Hagkaup: Sterkt ár með góðum afkomubata

- **Vörusala á 4F nam tæpum 7,7 ma. kr. og jókst um rúm 7% frá fyrra ári - afkoma styrkist hlutfallslega meira á milli ára**
- **Heimsóknum viðskiptavina fjölgaði um 3% en seld stykki stóðu nánast í stað - mikið og uppfært framboð tilbúinna rétta hefur áhrif á stykkjasölu**
- **Mikill undirbúningur á fjórðungnum fyrir vildarkerfið Takk og skjávæðingu verslana í samstarfi við Haga miðla - frábær viðbót fyrir Hagkaup og viðskiptavinum**
- **Þemadagar áfram vel sóttir og ljóst að Hagkaup hefur mikla sérstöðu á Íslandi þegar kemur að fjölbreyttum uppákomum, breiðu vöruúrvali, og skemmtilegri upplifun**
- **Samstarfið við Wolt hefur farið vel af stað og er eftirspurn viðskiptavina meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir - flott viðbót við annars sterka þjónustu Hagkaups**
- **Almennt gott rekstrarár að baki þar sem viðskiptavinum fjölgaði talsvert og aðgerðir á rekstrarhliðinni skiluðu sterkum afkomubata á milli ára sem byggt verður á inn í nýtt rekstrarár**



Starfspáttur #2: Gott ár að baki - afkoma frá öðru en eldsneyti styrkist

Olís - Rekstrarreikningur 4F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur á 4F námu tæpum 9 ma. kr. og drógust saman um rúm 10% - **afnám olíugjalds um áramót ástæðan fyrir samdrættinum**
- Fjórðungurinn gekk almennt vel með ágætri afkomu, en afkoma dróst heldur saman á milli ára - **4F á fyrra ári var einstaklega sterkur**
- EBITDA nam 488 m.kr., eða 5,4% af tekjum, og dróst saman um 216 m.kr. frá fyrra ári
- Seldum lítrum fjölgaði um 1,2% á 4F þar sem aukning varð bæði í smásölu og hjá stórnotendum
- Veitinga- og vörusala á stöðvum hélt áfram að aukast, á sama tíma og góður árangur náðist í rekstrarkostnaði, sem skilaði miklum EBITDA bata
- Glans opnaði undir lok 4F fimmtu stöðina á Skúlagötu - áskrifendum fjölgaði mikið á fjórðungnum
- Mikil notkun á Olís - ÓB appinu og appið í sífelldri þróun, nú síðast með möguleikanum á að **skrá inn** kílómetrastöðu ökutækja

	4F '25/26	4F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	8.974	10.013	-1.039	-10,4%
Rekstrargjöld	-8.486	-9.309	823	-8,8%
EBITDA	488	704	-216	-30,7%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>5,4%</i>	<i>7,0%</i>	<i>-1,6%</i>	<i>-22,7%</i>
Afkoma starfspáttar*	305	543	-238	-43,8%
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>3,4%</i>	<i>5,4%</i>	<i>-2,0%</i>	<i>-37,3%</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Olís)



Starfspáttur #3: Fínn endir á annars frábæru fyrsta heila ári hjá SMS

Verslanir og vöruhús (Færeyjar) - Rekstrarreikningur 4F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur á 4F námu tæpum 4 ma. kr. og jukust um tæp 9% frá fyrra ári - **EBITDA fjórðungsins nam 452 m.kr.**, eða 11,4% af veltu
- Samanburður við 4F í fyrra litast af einkiptistekjufærslu á fyrra ári og sölutaps á þessu ári í tengslum við hnökra á afhendingu aðfanga frá flutningsaðila um miðjan desember
- Aðsókn var góð hjá öllum einingum SMS, en heimsóknunum viðskiptavina fjölgaði um 2,2% á 4F
- Nýr 3.000 m² verslunarkjarni í Runavík, sem opnaði í nóvember, hefur farið vel af stað - flutningur, og stækkun, Bónus búðar í kjarnann hefur skilað söluaukningu upp á tugi prósentu
- Fjórðungurinn setti lokapunktinn við fyrsta heila rekstrarárið undir Högum, en rekstur félagsins gengur vel og var **EBITDA starfspáttarins 2.051 m.kr.** á árinu

	4F '25/26	4F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	3.965	3.650	315	+8,6%
Rekstrargjöld	-3.513	-3.127	-386	+12,3%
EBITDA	452	523	-71	-13,6%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>11,4%</i>	<i>14,3%</i>	<i>-2,9%</i>	<i>-20,4%</i>
Afkoma starfspáttar*	90	1.267	-1.177	-92,9%
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>2,3%</i>	<i>34,7%</i>	<i>-32,4%</i>	<i>-93,5%</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Færeyjar)



SUSHI DAILY HORNID



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Almennt: Valdar fréttir af starfsemi



Um 60 þús. meðlimir „Takk“

- „Takk“ fór í loftið um miðjan janúar og fékk frábærar viðtökur - um 60 þús. meðlimir nú þegar
- Frábær grunnur sem þróa má áfram í ýmsar áttir - næsti fasi í undirbúningi




Vefverslun Hagkaups

- Vefverslun Hagkaups hefur vaxið hratt frá fyrsta degi í upphafi árs 2022
- Þöntunum fjölgaði um vel yfir 30% á árinu 2025 þrátt fyrir mikinn vöxt árin á undan



Stórkaup vex með vefverslun

- Áframhaldandi vöxtur hjá Stórkaup og sérstaklega í matvöruhluta félagsins
- Uppfærð vefverslun veitir tækifæri á arðbærum vexti - velta eykst um 33% á milli ára



Viðskiptavinir færast í vefverslun

- B2B vefverslun Banana hefur vaxið hratt á síðustu mánuðum
- Hlutfall af veltu Banana á veitingamarkaði sem fer í gegnum vefverslun nú þegar komin vel yfir 40%

Almennt: Valdar fréttir af starfsemi



Vöru- og þjónustusala eykst

- Glans opnaði nýlega sína fimmtu snertilausu þvottastöð á Skúlagötu - velta meira en þrefaldaðist á milli 3F og 4F
- Grill 66 í sókn - vel yfir hálf milljón borgara seldir á árinu



Barnabónus til 95% nýbura

- Barnabónus hefur hlotið fáheyrðra vinsælda á meðal nýbakaðra foreldra
- Áætlað að um 95% þeirra nýbura sem fæddust á síðasta ári hafi fengið box afhent



Kjöt í hæsta gæðaflokki

- Ferskar kjötvörur vinna náið með íslenskum bændum og eru með frábært framboð af íslensku kjöti
- „Sérvalið“ í Hagkaup er komið í allra hæsta gæðaklassa, á alþjóðlegan mælikvarða



Samfélagsstuðningur um jólin

- Einingar Haga með fjölþættan samfélagslegan stuðning yfir árið, og ekki síst um jólin
- Mæðrastyrksnefnd, hjálparstarf kirkjunnar, hátíðarmatarpakkar, vinnuframlag, afslættir, o.s.frv.

Hagar miðlar: Hagar miðlar formlega í loftið og sala að hefjast

- **Við uppgjör 3F var farið yfir að Hagar væru að stofna „Hagar miðlar“** og herja á markað smásölumiðlunar (e. retail media)
- **Undirbúningi hefur miðað vel áfram** og nú er svo komið að **starfsemi er formlega að fara af stað og sala að hefjast**
- **Hagar munu hefja innreiðina á markaðinn með sölu auglýsinga á skjái og í útvarp í verslunum Bónus og Hagkaups**, en á síðari stigum verða fleiri nýjungar kynntar til leiks
- **Fjöldi prófana hafa verið gerðar á síðustu vikum** og það er **ljóst að miðlun á sölustað er umtalsvert árangursríkari en hefðbundnari miðlar - mikil söluaukning í öllum prófunum**
- **Mikill áhugi eftir að Hagar kynntu um áformin** - birgjar og aðrir samstarfsaðilar áhugasamir og ágætis sala (þrátt fyrir að formlegt sölustarf sé ekki hafið)
- **Starfsemi Haga miðla verður kynnt fyrir birgjum og sérfræðingum** í sölu- og markaðsmálum á stórum viðburði síðar í dag - **uppselt á viðburðinn með vel yfir 200 manns**



Salling: Hagar hófu nýlega innkaupasamstarf með Salling Group

- Hagar hófu nýlega innkaupasamstarf við **danska smásölufyrirtækið Salling Group**, sem er stærsti aðilinn á dagvörumarkaði í Danmörku
- Samstarfið með Salling Group býður upp á fjölda **tækifæra** og gerir Högum kleift að bjóða landsmönnum upp á **lægra verð, aukið vöruúrval**, og **enn betri gæði en fyrr** í verslunum félagsins
- Með samstarfinu fá m.a. verslanir **Bónus og Hagkaups** aðgang að **breiðu vöruúrvali** Salling Group, en **félagið** rekur yfir **2.100 verslanir** í Danmörku, Þýskalandi, Póllandi og Eystrasaltslöndunum
- Á heimamarkaði Salling í Danmörku rekur félagið **þekktar verslunarkeðjur**, svo sem **Netto, fòtex og Bilka**, auk þess að reka Netto víðar í Evrópu og Rimi í Eystrasaltslöndunum
- Félagið er með um **70.000 starfsmenn** og hefur **starfsemi þess farið hratt vaxandi á síðustu misserum**, bæði í Danmörku og víðar í Evrópu



Salling: Fyrstu vörur komnar í hillur en mun fjölga hratt á næstunni

- **Áhersla samstarfsins verður á svokallaðar „private label“ vörur**, en Salling Group hefur einstaklega sterkt framboð á því sviði
- **Fyrstu vörurnar eru nú þegar komnar í hillur hjá Bónus og Hagkaup**, en úrvalið mun stækka ört á næstu mánuðum og **verða fleiri en þúsund vörunúmer í boði innan nokkurra mánaða**
- **Vörurnar eru undir merkjum á borð við Salling, ØKO, FRI og Princip** - vörulínur sem eru þekktar fyrir gott verð, fjölbreytt úrval, og mikil gæði
- **Fjöldinn allur af vörum bera einnig viðurkenndar gæðavottanir og næringarmerkingar sem þekkjast vel á Norðurlöndunum**, svo sem **Lykillinn, Ø-merkið** fyrir lífræna vottun og norræna umhverfismerkið **Svanurinn**
- **Sem fyrr segir veitir samstarfið verslunum Haga aðgang að nýju og fjölbreyttu úrvali og bætir innkaupsverð félagsins í fjölda vöruflokka**



Salling: Vöruverð mun lækka á hundruðum vara um land allt

- Innkaupasamstarfið rímar vel við **viðleitni Haga að ná árangri í innkaupum** og tryggja þannig viðskiptavinum sem **allra best vöruverð**
- **Samstarfið við Salling Group er stærsta skref sem Hagar hafa stigið á þessi sviði í áratugi** og markar ákveðin þáttaskil í matvöruverslun á Íslandi
- Fyrir viðskiptavini félagsins þýðir þetta annars vegar **lægra verð á hundruðum vara**, og hins vegar **aukið úrval af vörum af miklum gæðum**
- Við gerum ráð fyrir að **verðlækkunir í verslunum Haga** muni hafa **jákvæð áhrif á verðþróun á dagvörumarkaði** á næstu mánuðum



Salling: Valdar myndir frá helstu vörulínum Salling Group



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Ágæt veltuaukning og afkoma góð af öllum starfspáttum

Rekstrarreikningur 4F 2025/26 (m.kr.)

- **SMS** nú á 4F í fyrsta sinn í **samanburðartölum**
- **Vörusala á 4F** nam 48,0 ma. kr. og **jókst um 4,4%** milli ára - áhrif afnáms olíugjalda
- **Framlegð í krónum** nam 12,3 ma. kr. og **jókst um 6,8%** - **framlegðarhlutfall styrkist** og nam 25,6% í samanburði við 25,0% í fyrra
- **Laun og annar rekstrarkostnaður hækkaði** um 7,6% milli ára
- **EBITDA** nam 4,0 ma. kr. og **jókst um 4,5%** milli ára
- **Matsbreyting fjárfestingarfasteigna** neikvæð um 189 m.kr., í samanburði við jákvæða 1.042 m.kr. matsbreytingu í fyrra
- **Áhrif hlutdeildarfélag** 955 m.kr, þar af 828 m.kr. vegna **Klasa**
- **Hagnaður** var 2,0 ma. kr. í samanburði við 3,1 ma. kr. á fyrra ári eða **35,4% samdráttur**

	4F '25/26	4F '24/25	Δ	%Δ
Vörusala	48.043	46.037	2.006	+4,4%
Framlegð	12.296	11.508	788	+6,8%
Aðrar rekstrartekjur	323	332	-9	-2,7%
Laun og launatengd gjöld	-5.917	-5.382	-535	+9,9%
Annar rekstrarkostnaður	-2.670	-2.601	-69	+2,7%
EBITDA	4.032	3.857	175	+4,5%
Afskriftir	-1.664	-1.456	-208	+14,3%
Matsbreytingar	-189	1.042	-1.231	-118,1%
EBIT	2.179	3.443	-1.264	-36,7%
Hrein fjármagnsgjöld	-826	-795	-31	+3,9%
Áhrif hlutdeildarfélag	955	789	166	+21,0%
Hagnaður tímabilsins	1.981	3.066	-1.085	-35,4%
Önnur heildarafkoma	-145	3.669	-3.814	-104,0%
Heildarafkoma samtals	1.836	6.735	-4.899	-72,7%

Gott rekstrarár að baki - SMS í Færeyjum ný stoð í rekstri

Rekstrarreikningur 12M 2025/26 (m.kr.)

- Í samanburði við fyrra ár gætir áhrifa SMS aðeins á síðasta ársfjórðungi 2024/25
- Vörusala ársins nam 197,0 ma. kr. og jókst um 9,3% milli ára - söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 7,3% en samdráttur var í sölu hjá starfspætti Olís um 8,2%
- Framlegðarhlutfall var 24,9% og hækkar um 2,1%-stig milli ára - mest áhrif frá Olís og SMS
- Rekstrarkostnaður hækkar um 18,3% milli ára - áhrif af SMS, verðbólgu, kjarasamningum auk kostnaðar við Álfabakka 2
- EBITDA nam 18,1 ma. kr. og jókst um 23,0% milli ára - EBITDA verslana og vöruhúsa á Íslandi jókst um 13,2% og EBITDA Olís um 12,9% - EBITDA SMS var tæpir 2,1 ma. kr.
- Hagnaður nam 7,4 ma. kr. og jókst um 5,2% - heildarafkoma samtals nam 7,7 ma. kr.

	12M '25/26	12M '24/25	Δ	%Δ
Vörusala	197.043	180.342	16.701	+9,3%
Framlegð	49.124	41.104	8.020	+19,5%
Aðrar rekstrartekjur	1.291	936	355	+37,9%
Laun og launatengd gjöld	-22.073	-18.451	-3.622	+19,6%
Annar rekstrarkostnaður	-10.213	-8.851	-1.362	+15,4%
EBITDA	18.129	14.738	3.391	+23,0%
Afskriftir	-6.278	-5.351	-927	+17,3%
Matsbreytingar	-410	1.042	-1.452	-139,3%
EBIT	11.441	10.429	1.012	+9,7%
Hrein fjármagnsgjöld	-3.597	-2.988	-609	+20,4%
Áhrif hlutdeildarféлага	1.205	981	224	+22,8%
Hagnaður ársins	7.394	7.030	364	+5,2%
Önnur heildarafkoma	347	3.669	-3.322	-90,5%
Heildarafkoma samtals	7.741	10.699	-2.958	-27,6%


Áhrifa af SMS gætir í framlegðar- og kostnaðarhlutföllum

Lykilmælikvarðar rekstrar (12M 2021/22 – 12M 2025/26)


- **Góð veltuaukning milli ára** drifin áfram af áhrifum SMS og góðri veltuaukningu verslana og vöruhúsa á Íslandi - samdráttur hjá Olís, m.a. vegna lægra heimsmarkaðsverðs olíu og afnáms olúgjalda
- **Framlegðarhlutfall hækkar** um 2,1%-stig milli ára - áhrifa af SMS gætir á árinu og framlegð hjá Olís er hærri en á fyrra ári, dagvara á Íslandi hækkar lítillega
- **Launa- og kostnaðarhlutföll hækka** milli ára - einkum vegna áhrifa SMS
- **EBITDA hlutfall** 9,2% á árinu í samanburði við 8,2% á fyrra ári
- **Hagnaðarhlutfall** 3,8% í samanburði við 3,9% á fyrra ári

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Sterkt sjóðstreymi á árinu - handbært fé frá rekstri nam 13,0 ma. kr.

Sjóðstreymisyfirlit 12M 2025/26 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 13,0 ma. kr. í lok árs og hækkar um 1,9 ma. kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** voru 5,3 ma. kr. til samanburðar við 8,7 ma. kr. í fyrra - fjárfesting í eignarhlut SMS á fyrra ári
- **Fjárfestingar í rekstrarfjármunum** 4,8 ma. kr., einkum vegna Álfabakka 2, umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans, tveggja ÓB stöðva - einnig fjárfest í nýjum verslunarkjarna hjá SMS í Færeyjum
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 6,2 ma. kr. - kaup á eigin bréfum 1,1 m.kr.
- **Handbært fé hækkaði** um 1,6 ma. kr. á árinu og nam 3,9 ma. kr. í lok árs, til samanburðar við 2,3 ma. kr. í fyrra

	12M 2025/26	12M 2024/25	Breyting
Hagnaður ársins	7.394	7.030	364
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	10.804	7.579	3.225
Veltufé frá rekstri	18.198	14.609	3.589
Rekstrartengdar eignir	-133	122	-255
Rekstrartengdar skuldir	-508	118	-626
Greiddir vextir og skattar	-4.535	-3.741	-794
Handbært fé frá rekstri	13.022	11.108	1.914
Fjárfestingarhreyfingar	-5.282	-8.671	3.389
Fjármögnunarhreyfingar	-6.156	-1.964	-4.192
Breyting á handbæru fé	1.584	473	1.111
Handbært fé í lok árs	3.875	2.299	1.576

Sterkur efnahagur í árslok - breyting á samanburðarfjárhæðum

Efnahagsreikningur 28. febrúar 2026 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 90,4 ma. kr. og hækkuðu um 8,0 ma. kr. á árinu - **leigueignir** hækkuðu um 5,2 ma. kr, einkum vegna nýs leigusamnings við Álfabakka 2
- **Veltufjármunir voru** 24,9 ma. kr. og hækkuðu um 1,7 ma. kr. á árinu - handbært fé hækkaði um 1,6 ma. kr.
- **Eigið fé** nam 42,8 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 17,8 millj. í árslok
- **Heildarskuldir** voru 72,5 ma. kr. og hækkuðu um 5,4 ma. kr. vegna hærri leiguskulda
- **Vaxtaberandi skammtímaskuldir** voru 9,0 ma. kr. - þar af 3,8 ma. kr. vegna **skulda í DKK tengt kaupunum á SMS**, sem unnið er að því endurfjármagna, auk 3,0 ma. kr. **skuldabréfaflokks á gjalddaga í haust**

	28.02. 2026	28.02. 2025*	%Δ		28.02. 2026	28.02. 2025*	%Δ
Rekstrarfjármunir	37.836	35.632	+6%	Vaxtaberandi	14.351	17.137	-16%
Óefnislegar eignir	16.167	16.097	+0%	Leiguskuldir	21.022	15.947	+32%
Aðrir fastafjármunir	36.378	30.643	+19%	Skuldbindingar	3.918	4.379	-11%
Fastafjármunir	90.381	82.372	+10%	Langtímaskuldir	39.291	37.463	+5%
Vörubirgðir	14.393	13.974	+3%	Vaxtaberandi	9.040	6.278	+44%
Viðskiptakröfur	6.597	6.887	-4%	Leiguskuldir	3.932	3.630	+8%
Handbært fé	3.875	2.299	+69%	Viðskiptaskuldir	20.204	19.672	+3%
Veltufjármunir	24.865	23.160	+7%	Skammtímaskuldir	33.176	29.580	+12%
Samtals eignir	115.246	105.532	+9%	Samtals skuldir	72.467	67.043	+8%
Skuldir og eigið fé	115.246	105.532	+9%	Eigið fé	42.779	38.489	+11%

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til að endurspeglar gangvirði kaupverðs SMS á yfirtökudegi vegna upplýsinga sem komu fram innan árs frá kaupum. Fastafjármunir hækkuðu um 496 m.kr. og langtímaskuldir sömuleiðis. Eiginfjárlutfall lækkaði úr 36,6% í 36,5% eftir breytingamar.

Arðsemi eigin fjár 19,2% á árinu

Lykilmælikvarðar efnahags (12M 2021/22 – 12M 2025/26)


- **Arðsemi eigin fjár 19,2%** síðastliðna 12 mánuði og lækkar frá fyrra ári - m.a. vegna einskiptistekna á 4F í fyrra
- **Eiginfjárhlutfall** í lok árs nam 37,1% - **markmið stjórnar** er um 35,0%
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok árs, að meðtöldum leiguskuldum, voru 44,5 ma. kr. eða 2,5 x EBITDA ársins
- **Veltufjárhlutfall** í árslok var 0,75 samanborið við 0,78 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 12,8 dagar samanborið við 14,0 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 1,8 samanborið við 2,0 á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa


Áhætta í rekstri

Skilvirkni eigna


Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Skuldahlutfall¹




Veltufjárhlutfall²



Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
 3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 28.02.2026

1. Gildi - lífeyrissjóður	16,3%	6. Birta lífeyrissjóður	6,4%
2. Lífeyrissjóður verslunarmanna	12,2%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,2%
3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,2%	8. Stapi lífeyrissjóður	3,0%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	8,4%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,4%
5. Kaldbakur ehf.	8,1%	10. Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	2,4%

Hagnaður á hlut styrkist áfram á milli ára

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut hefur aukist hratt** að undanfögnu og er nú **við hæstu hæðir í sögulegu samhengi**, eða **6,75 kr.** - hagnaður á 4F litast m.a. af tvöfaldri leigu vegna uppbyggingar í Álfabakka og neikvæðra matsbreytinga fjárfestingafasteigna
- **Án áhrifa** einskíptis gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir kaup **eykst hagnaður á hlut um rúm 21%** frá sama tíma í fyrra
- **Bætt afkoma** síðustu missera byggir sem fyrr á almennum rekstrarbata, stefnumarkandi ákvörðunum, nýjum einingum og auknum umsvifum




* Einskíptisáhrif vegna viðskipta með Klasa á 2F 22/23 og gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir viðskiptin með SMS á 4F 2024/25

** Með einskíptisáhrifum vegna SMS

Staða og horfur

- **Rekstur samstæðu gengur vel á öllum sviðum og horfur eru almennt góðar, en...**
 - ... efnahagsaðstæður á Íslandi hafa snúist til hins verra á fáum mánuðum
 - ... órói í Mið-Austurlöndum mun hafa áhrif á efnahagslíf og samfélag
- **Innkaupasamstarf við Salling Group** lækkar innkaupsverð og verð til viðskiptavina - styrkir samkeppnisstöðu verslana Haga
- **Staða helstu rekstrareininga er sterk** og vöxtur í kjarnastarfsemi umfram markaðsvöxt
- **Tækifæri í rekstrarlegum umbótum** þar sem smáar breytingar geta haft veruleg áhrif á afkomu
- **Nýjar viðskiptaeiningar** að hefja rekstur - viðskiptapróun skilar ávinningi
- **Sterkur fjárhagur, gott sjóðstreymi og fjármögnun tryggð** - félagið tilbúið að fara á eftir spennandi tækifærum
- **EBITDA spá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2026/27 er **18.800 - 19.300 m.kr.**





Starfsemi Haga á Íslandi

BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

AÐFÖNG

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásöluvyrirtekni sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.

olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölþættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

STÓRKAUP |

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups og Bónus, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Haga reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.




HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



LEMON

DÆMI UM VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



FERSKAR KJÖTVÖRUR



HIMNESKT



Starfsemi Haga í Færeyjum



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana, þar sem þrjár verslanir eru í Þórshöfn og fimm verslanir dreifðar um önnur bæjarfélög. Bónus býður viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð í Færeyjum.



MIKLAGARÐUR

Miklagarður er stórverslun í Þórshöfn sem selur matvöru og ýmsa sérvöru, t.d. leikföng og blóm. Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir SMS samstæðuna.



Í Þórshöfn eru reknar fjórar smærri matvöruverslanir og bakarí undir nafninu Mylnan, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna.



SUSHI DAILY HORNID

SMS rekur fjóra veitingastaði í stærstu verslunarmiðstöð Færeyja, þ.e. Burger King, Sunset Boulevard, Sushi Daily og Hornið. Auk þess rekur SMS tvo steikarstaði undir nafninu Angus Steakhouse í Þórshöfn og Klaksvík og Sunset Boulevard stað í Runavík.



Rumbul og Sheep eru fjórar smávöruverslanir í Þórshöfn og Klaksvík, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði.

Eignarhald: 60%



Fasteignir

Fjölbreytt fasteignasafn sem telur ~14,000 m² sem er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Auk þess rekur félagið verslunarmiðstöðina SMS.



Burn er líkamsræktarstöð sem er staðsett á þremur mismunandi stöðum í Þórshöfn. Burn býður upp á mánaðarlega áskrift sem og einkaþjálfun.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Omaná er ís- og eftirréttargerð sem framleiðir fyrir samstæðuna. Omaná rekur einnig ústölustað í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

hagar

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. The text is centered within a stylized, horizontal oval shape. This oval is composed of two curved lines: a grey line on the left and an orange line on the right, which meet at the top and bottom to form a continuous, slightly irregular border around the text.